

RÍÓ


295 tbl. ágúst 2018

# MYNDIR

mán ǫarins



## THE SPY WHO DUMPED ME






# SUMAR BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylytols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmii





# Tífalt fleiri gígabæt með í sumarfríð

Með Heimilispakkann og farsímáskrift hjá Símanum fær fjölskyldan  
10x fleiri gígabæt í farsímánn. Kynntu þér málið á [siminn.is/10x](https://siminn.is/10x).

Þú getur meira með Símanum



## Útgefið í ágúst

### DVD

3.08.	Overboard	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	10
9.08.	Blockers	Myndform	Gamanmynd	12 ára	15
23.08.	Bókmennta- og kartöflubökufélagið	Myndform	Gaman/sannsl.	12 ára	24
23.08.	Krummi klóki	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	25

### VOD

3.08.	The Guardian Angel	Myndform	Sálfræðitryllir	12 ára	12
3.08.	Eliás	Myndform	Barnaefni	Leyfð	12
3.08.	The Endless	Myndform	Tryllir	12 ára	13
3.08.	Hrúturinn Hreinn	Myndform	Barnaefni	Leyfð	13
6.08.	Ready Player One	S & V	Ævintýri	12 ára	14
9.08.	Blockers	S & V	Gamanmynd	12 ára	15
10.08.	Tully	Myndform	Gamandrama	12 ára	16
10.08.	It Happened One Valentine's	Myndform	Rómantik	12 ára	17
10.08.	Gud taler ud	Myndform	Gamandrama	16 ára	18
10.08.	Símon	Myndform	Barnaefni	Leyfð	18
16.08.	Andið eðlilega	Sena	Drama	6 ára	19
17.08.	The Void	Myndform	Vísindahrollur	16 ára	20
17.08.	Mary Shelley	Myndform	Sannsóleglegt	12 ára	20
17.08.	The History of Love	Myndform	Gamandrama	12 ára	21
17.08.	Mói	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
20.08.	Rampage	S & V	Ævintýri/hasar	12 ára	22
20.08.	Lady Bird	S & V	Gamandrama	12 ára	23
23.08.	Super Troopers 2	S & V	Gaman/farsi	12 ára	23
23.08.	Bókmennta- og kartöflubökufélagið	Myndform	Gaman/sannsl.	12 ára	24
23.08.	Krummi klóki	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	25
24.08.	Sweet Home Carolina	Myndform	Rómantik	Leyfð	25
24.08.	Road Less Traveled	Myndform	Rómantik	9 ára	26
24.08.	Snake Outta Compton	Myndform	Skrímslagrín	16 ára	27
29.08.	Action Point	S & V	Gamanmynd	16 ára	27
30.08.	Avengers: Infinity War	S & V	Ævintýri/ofurhetjur	12 ára	28
30.08.	Vargur	Sena	Spenna/tryllir	16 ára	29
30.08.	A Wrinkle in Time	S & V	Ævintýri	6 ára	30
31.08.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	30
31.08.	Becker: Kungen av Tingsryd	Myndform	Glæpadrama	12 ára	31
31.08.	God's Own Country	Myndform	Drama	12 ára	31



Á DVD OG VOD  
Í ÁGÚST



## MYNDIR MÁNAÐARINS

295. tbl. ágúst 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Pröfölk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

23.  
ágúst

MYNDFORM



E.FINNSSON

# SÓSUR

GERIR GOTT BETRA





# Stjörnuþá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú fitnar talsvert um miðbik mánaðarins og ættir að huga að því að hætta að borða svona ofsalega mikið. Reyndu frekar að finna gleði í gönguferðum upp á fjöll.



## Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Ógiftar konur í tvíburamerkinu sem hafa hug á að festa ráð sitt munu ekki gera það í ágúst. Vertu bara fegin því það verða fleiri og betri fiskar í ánni í september.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Þú tekur mikilvæga ákvörðun um framtíð þína en hættir svo við eins og alltaf áður og heldur bara áfram í sama ruglinu. Lærðu að brjóta saman segl þegar þú hefur tíma.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Allir sem eru í fiskamerkinu munu fá tækifæri þann 20. ágúst til að stórbæta líf sitt eða að minnsta kosti mála einn vegg hjá sér. Það myndi flokkast sem góð byrjun.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Við sjáum tjald í framtíð þinni í ágúst og jafnvel fleiri en eitt. Svo sjáum við gasgrill og handklæði og stígvél og ullarsokka og bleytu. Láttu ekki alltaf svona asnalega.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú færð skyndilega löngun til að fara að rækta uglur en áttar þig svo ekki á hvar þú átt að byrja. Íhugaðu í staðinn að leggjast yfir leiðbeiningabók um rafskálasmiði.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Reyndu að átta þig á kjarna málsins og hættu að spóla alltaf í sömu hjólförnum. Þú hlýtur að geta fundið önnur hjólför eins og allir aðrir. Passaðu þig á nibbunum.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Einhver sem þú þekkir vel kemur að máli við þig upp úr átjándra ágúst og segir þér leyndarmál sem þig hefur alltaf langað til að vita hvað var. Mundu eftir hrærivélinni.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Karlar í bogmanninum sem eru að leita sér að nýrri vinnu ættu að tækka á auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu 17. ágúst, ofarlega á blaðsíðu 11. Ekki klikka á þessu.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Ekki velta þér of mikið upp úr fortíðinni nema þú ætlir að baka pönnukökur. Mundu að það er miklu betra að ná markmiðum sínum að lokum en að gera það ekki.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Haltu þig heima við í ágúst og byrjaðu að strauja jólapappírinn frá því í fyrra svo hann verði sléttur og finnst fyrir næstu jól. Reyndu að muna hvað þú gerðir við bjölluna.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Þú leggur land undir fót í ágúst og ferð til Selfoss. Haltu þínu striki hvað sem á gengur og hlustaðu ekki á manninn sem reynir að fá þig til að taka nagladekkið undan.

# Afmælisbörn mánaðarins




1. ágúst: Jason Momoa, 39 ára




2. ágúst: Sam Worthington, 42 ára



4. ágúst: Greta Gerwig, 35 ára




6. ágúst: Vera Farmiga, 45 ára



7. ágúst: Charlize Theron, 43 ára




8. ágúst: Dustin Hoffman, 81 ára




9. ágúst: Anna Kendrick, 33 ára



10. ágúst: Antonio Banderas, 58 ára



11. ágúst: Chris Hemsworth, 35 ára



14. ágúst: Mila Kunis, 35 ára




15. ágúst: Jennifer Lawrence, 28 ára



16. ágúst: Steve Carell, 56 ára



17. ágúst: Robert De Niro, 75 ára



20. ágúst: Andrew Garfield, 35 ára




22. ágúst: Kristen Wiig, 45 ára



24. ágúst: Rupert Grint, 30 ára



25. ágúst: Blake Lively, 31 árs



26. ágúst: Melissa McCarthy, 48 ára



28. ágúst: Jack Black, 49 ára



30. ágúst: Cameron Diaz, 46 ára





ÞEGAR **HOLLUSTA** OG  
GOTT BRAGÐ SAMEINAST



HEILHVEITI PASTA

& BASIL PASTA SÓSA

Bragðgóð lausn fyrir langtíma orku!








Lífíð er allt of stutt til að eyða því í sambönd sem eru hætt að virka.  
- Anna Faris, sem skildi nýlega við Chris Pratt eftir 9 ára sambúð.



Mér hafa alltaf fundist breskir karlmenn spennandi. Sá mest spennandi sem ég hef hitt er Ewan McGregor. Ég hef reyndar bara hitt hann einu sinni en hann var æðislegur þótt hann væri frekar lágvaxinn.  
- Eva Longoria.



Ég var verulega langt niðri út af því að *Poseidon* mislukkaðist og hélt að enginn myndi ráða mig aftur. Þá kom Alec Baldwin til mín og sagði mér að það væri ekki til sá leikari sem hefði ekki eða myndi ekki ganga í gegnum það sama. Aðalatriðið væri að láta mistökinn aldrei sjást utan á manni.  
- Josh Lucas.



Ég er ekki einn af þeim sem setjast niður og fá snjallar hugmyndir. Ég tek hins vegar ágætlega við snjöllum hugmyndum og finnst gaman að vera hluti af því að þær séu framkvæmdar. Ég held reyndar að sem leikari sé það bara gott að ég sé ekki að fá einhverjar hugmyndir ofan á þær hugmyndir sem ég hef fengið frá öðrum. Mínar viðbætur myndu bara skemma fyrir.  
- Mark Rylance.



Nei, ég er ekki með Twitter því ég veit að mín fyrstu viðbrögð við einhverju eru yfirleitt ekki þau réttu. Ef ég væri með Twitter og hefði alltaf skellt inn mínum fyrstu viðbrögðum við öllu þá værir þú ekki að taka viðtal við mig.  
- Olivia Cooke.



Nei, ég á mér enga drauma um að vinna með einhverjum sérstökum. Ég er bara krakki enn þá og ég leik með þeim sem vilja leika með mér.  
- Ty Sheridan.



Ég reyni að gleyma fortíðinni eins fljótt og ég get og með árunum hef ég orðið betri og betri í því. Þannig að ekki spyrja mig um myndir sem ég hef leikið í eða biðja mig að rifja eitthvað upp. Ég er búin að gleyma öllu slíku. Spurðu mig frekar um framtíðina. Ég hef ótakmarkaðan áhuga á henni.  
- Leslie Mann.



Fólk virðist halda að vegna þess að ég er búin að vera leikkona allt mitt líf viti ég eitthvað um kvikmyndir. Staðreyndin er að ég veit nákvæmlega ekkert um kvikmyndir, eða hver gerði hvað eða í hverju hver var. Ég geymi þá reynslu til efri ára.  
- Elle Fanning.



Ég græt yfir öllu mögulegu. Falleg auglýsing frá líftryggingafélagi fær mig til dæmis til að gráta í nokkra daga.  
- Ike Barinholtz.



Ég er ekki að reyna að svara neinu í myndunum sem ég geri. Ég er miklu frekar að reyna að finna spurningar.  
- Jason Reitman.



Já, það fyrsta sem ég geri á morgnana er líkamsrækt. Ég rúlla mér fram af rúminu og beint í armbeygjurnar.  
- Lily James.



Ég er einn af þeim sem verða brjáláðir eftir vikuvöl í Los Angeles.  
- Matthew Goode.




Við erum búin að vinna saman svo lengi að samband okkar er fyrir löngu orðið eins og samband systkina.  
- Chris Evans, um Scarlett Johansson.



Það er bara til tvenns konar fólk, annars vegar þeir sem hefðu viljað fara út að borða með John Lennon og hins vegar þeir sem hefðu viljað fara út að borða með Paul McCartney.  
- Paul Bettany.



Já, það er ein tegund af hlutverkum sem ég tek ekki að mér. Ég er hræðileg í spuna. Ég verð að hafa handrit.  
- Elizabeth Olsen.



Hvað var það sem fékk mig til að taka hlutverkið að mér? Sko... þegar maður er áttján ára og síminn hringir og Ron Howard er á hinum endanum að bjóða manni hlutverk í næstu mynd sem hann er að fara að gera þá bara segir maður bara já. Ég þurfti ekkert að vita meira til að taka ákvörðun.  
- Tom Holland.



Það skiptir engu máli hvar maður er staddur í lífinu því maður er staddur nákvæmlega þar sem lífsangan leiddi mann. Næsti áfangastaður er alltaf upp, aldrei niður, sama á hvaða stoppistöð maður er.  
- Oprah Winfrey.





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®





## Overboard

Gamanmynd / Rómantík



**Aðalhlutverk:** Anna Faris, Eugenio Derbez, Eva Longoria, Swoosie Kurtz, John Hannah og Emily Maddison **Leikstjórn:** Rob Greenberg **Útgefandi:** Myndform

3. ágúst



Eva Longoria leikur Theresu, bestu vinkonu Kate, og tekur fullan þátt í blekkingarleiknum ásamt fleiri vinum Kate.

### Veistu svarið?

Hinn vinsæli leikari, leikstjóri og kvikmyndaframleiðandi Eugenio Derbez hefur leikið í mörgum skemmtilegum myndum og sú síðasta kom einmitt út á Vöðleigunum í september í fyrra. Hvað heitir hún?



How to Be a Latin Lover

## Minnislausí milljónamæringurinn

Þegar hrokafullí milljónamæringurinn Leonardo fellur drukkinn fyrir borð af snekkju sinni og skolar síðan minnislausum í land ákveður fyrrverandi ræstitæknir hans, Kate, að nýta sér minnisleysi hans og telja honum trú um að þau tvö séu hjón.

Rómantíska gamanmyndin *Overboard* sækir innblásturinn í samnefnda mynd frá árinu 1987 þar sem Kurt Russell og Goldie Hawn fóru með aðalhlutverkin, en sú mynd varð ein af vinsælustu gamanmyndum þess árs. Handritið er samt nýtt og t.d. hefur kynjahlutverkunum verið snúið við þannig að nú er það hún sem sannfærir hann um að þau séu hjón en í gömlu myndinni var það hann sem sannfærði hana um það sama.

Kate er þriggja barna einstæð móðir sem á í mestu vandræðum með að láta enda ná saman og er komin nálægt því að missa húsið sitt vegna vanefnda. Það bætir því ekki úr skák þegar hún er rekin að ósekju úr vinnunni, en á þeim brottrekstri ber hinn hrokafullí milljónamæringur Leonardo fulla ábyrgð. Þegar Kate fréttir nokkrum dögum síðar af minnisleysi Leonardos eftir að hann fellur fyrir borð ákveður hún með stuðningi bestu vinkonu sinnar að ná sér niðri á honum með þeim „saklausa“ hrekk að þykjast vera eiginkona hans. En hrekkurinn á fljótlega eftir að vinda upp á sig ...



Það er hinn stórskemmtilegi mexíkóski grínleikari Eugenio Derbez sem leikur hrokafulla milljónamæringinn Leonardo í *Overboard*.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *The Wrap* ★★★★★ - *Variety*

• Handritið að 1987-myndinni *Overboard* var skrifað af Leslie Dixon (*Mrs. Doubtfire*, *Freaky Friday*) en er í þetta sinn skrifað af þeim Bob Fisher (*We're the Millers*, *Wedding Crashers*) og Rob Greenberg (*Frasier*-sjónvarpsþættirnir). Rob Greenberg ákvað einnig að leikstýra myndinni og er hún um leið fyrsta leikstjórnarverkefni hans.



Kate telur Leonardo ekki bara trú um að þau séu hjón heldur að hann sé faðir barna hennar, þótt þau líkist honum ekki hættis hót.



# Langar þig að hætta að reykja?

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda þér að hætta að reykja.



Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindindi með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykingum og draga þannig úr líkamlegum fráhrarfseinkennum.

 **nicorette**<sup>®</sup>  
gerðu eitthvað magnað





## Hver stjórnar því sem þú gerir?

Eftir að bankaræningi, sem skaut tvo bankastarfsmenn til bana, er handtekinn fer rannsóknarlögreglumanninn Anders Olsen að gruna að hér sé ekki allt sem sýnist og að ræninginn hafi verið dáleiddur til að fremja ránið.

*The Guardian Angel* byggir að hluta til á sannri sögu, en ránið sem um ræðir og morðin voru framin í Danmörku á sjötta áratug síðustu aldar og vöktu mikla athygli á sínum tíma. Grunur Anders beindist fljótlega að manni að nafni Björn Schow Nielsen sem í ljós kom að hafði deilt fangaklefa með morðingjanum. Smám saman sannfærast Anders um að grunur hans sé réttur en á þá við það vandamál að stríða að þurfa að sanna sitt mál. Það reynist engin hægðarleikur ...

### Punktur .....

- *The Guardian Angel* er þriðja mynd finnska leikstjórans og handritshöfundarins Artos Halonen í fullri lengd, en þær fyrri voru *Princess* (2010) og *A Patriotic Man* (2013). Þess utan á Arto að baki fjölmargar stutt- og heimildarmyndir sem hann hefur verið margverðlaunaður fyrir í gegnum árin eins og sjá má á t.d. [imdb.com](http://imdb.com).



Lögreglumaðurinn Anders Olsen (lengst t.h.) yfirheyrir hinn grunaða, Björn Schow Nielsen (t.v.). Á milli þeirra eru aðstoðarmenn Anders, Petersen og dr. Dabrowski.



**Aðalhl.:** Josh Lucas, Pilou Asbæk, Johannes Lassen og Rade Serbedzija **Leikstjórn:** Arto Halonen **Útgef.:** Myndform


Sálfræðitryllir

3. ágúst

## Elías bjargar málunum!

Norsku verðlaunateiknimyndirnar um björgunarbátinn Elías og vini hans eru allt í senn litríkar, fyndnar, fræðandi og hæfilega spennandi fyrir yngri kynslóðir áhorfenda.

Þættirnir um ráðagóða björgunarbátinn Elías og vini hans, Trolla, Kraney, Doppu, Kalla, Gláð og alla hina, voru fastir póstar í barnatímum sjónvarpsins á árum áður og nutu mikilla vinsælda bæði smáfólksins og hinna fullorðnu, enda afar vandaðir í alla staði með góðum og gagnlegum boðskap sem á alltaf við. Í þessari útgáfu er að finna fyrstu átta þættina í seríu 3.



**Teiknimyndir** um dráttarbátinn Elías og vini hans **Íslensk talsetning** **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

3. ágúst



## Aftur til upphafsins

**10 árum eftir að bræðurnir Aaron og Justin flýðu úr sértrúarsöfnuði ákveða þeir að snúa til hans aftur og endurmeta þær ástæður sem hröktu þá á brott.**

Hér er á ferðinni afar sérstök mynd, sveipuð dulúð og frumlegum vísindaskáldskap sem fær ekki bara bræðurna Aaron og Justin til að endurmeta hlutina heldur einnig áhorfendur. Þetta er mynd fyrir þá sem vilja sjá virkilega nýstárlegar sögur og atburðarás sem kemur þeim í opna skjöldu frá upphafi til enda ...

**Punktur** .....

★★★★½ - *L.A. Times* ★★★★★½ - *Wash. Post* ★★★★★½ - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Screen Intern.* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Village Voice*

- Myndin var frumsýnd á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í vor og var tilnefnd til dómnefndarverðlaunanna sem besta mynd hátíðarinnar. Þess utan hefur *The Endless* hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar á öðrum kvikmyndahátíðum.

- Eins og sést á stjörnujöfningi hér fyrir ofan hefur *The Endless* fengið afar góða dóma margra gagnrýnenda á Metacritic.com þar sem hún er með 8,0 í meðaleinkunn.

- Leikstjórar myndarinnar, Justin Benson og Aaron Moorhead, skrifuðu einnig handritið og leika jafnframt aðalhlutverkin, bræðurna Justin og Aaron Smith.




Bræðurnir Aaron og Justin Smith ákveða að halda á gamalkunnar slóðir í *The Endless*.

## Ekkert lát á ævintýrunum!

**Hrúturinn Hreinn og allir skemmtilegu félagarnir hans eru mættir til leiks á ný eftir nokkurt hlé á sjónvarpsleigurnar, hressari og kátari en nokkurn tíma fyrr.**

Brúðumyndirnar um hrútinn Hrein, hinar kindurnar, hundinn, bóndann og allar stórskemmtilegu aukapersónurnar sem koma og fara hafa um árabil skemmt allri heimbyggðinni enda einstaklega fyndnar og skemmtilegar stuttmyndir sem eiga alltaf vel við. Hér koma út þættir 11–20 í seríu fimm um þetta kostulega sveitagengi.



**Aðalhl.:** Justin Benson, Aaron Moorhead, Callie Hernandez og Lew Temple **Leikstj.:** Benson & Moorhead **Útg.:** Myndform

**Tryllir**

**3. ágúst**



**Brúðumyndir** um hrútinn Hrein og öll skemmtilegu ævintýrin sem hann lendir í **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**3. ágúst**



Eruð þið tilbúin?

**Ready Player One** er nýjasta mynd Stevens Spielberg en hún er gerð eftir geysivinsælli verðlauna- og metsölubók Ernest Cline. Þetta er einstaklega frumlegt og viðburðaríkt ævintýri og vísindaskáldsaga sem gerist að mestu í hinni stórfenglegu tölvuveröld Oasis þar sem fjölmargir þekktir karakterar búa.

*Ready Player One* gerist árið 2045 þegar alvarlegur orkuskortur og loftslagsbreytingar hafa haft neikvæð áhrif á líf flestra jarðarbúa. Við kynnumst hér hinum unga Wade Watts sem eins og milljónir annarra býr við kröpp kjör í Oklahómaborg. Til að gefa hversdagslífi sínu tilgang flýr Wade ásamt öllum öðrum sem það geta inn í tölvuveröldina Oasis eins oft og hann getur og leitar þar m.a. vísbendinga um hvar skapari Oasis, James Halliday sem lést fimm árum fyrr, hafi falið svokallað „páskaegg“, en James hafði lofað þeim sem fyndi það fullum yfirráðum yfir Oasis og öllum sínum eigum sem eru metnar á 500 milljarða dollara. Til að finna eggjið þarf samt fyrst að finna vísbendingarnar sem eru í formi þriggja „lykla“.

Dag einn uppgötvar Wade, sem notar nickið Parzival þegar hann er í Oasis-heiminum, hvar fyrsta lykilinn að leyndardóminum er að finna. Upp frá því breytist líf hans og tilvera algjörlega og á þann hátt sem hann hefði sjálfur aldrei getað imyndað sér ...



Tye Sheridan leikur Wade Watts, öðru nafni Parzival, sem fyrstur uppgötvar hvar fyrsta lykilinn að hinu verðmæta „páskaeggi“ er að finna.

**Ready Player One**

Ævintýri / Vísindaskáldsaga



**Aðalhlutverk:** Tye Sheridan, Olivia Cooke, Ben Mendelsohn, Simon Pegg, T.J. Miller, Hannah John-Kamen, Mark Rylance, Letitia Wright og Lena Waithe **Leikstjórn:** Steven Spielberg **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

6. ágúst

**Punktur** .....

- ★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*
- ★★★★ - *Verge* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*
- ★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*

• Fyrir utan að í myndinni koma fram fjölmargir karakterar úr öðrum myndum (sjá myndartexta hér fyrir neðan) er einnig að finna í henni nokkra tugi af hlutum og staðsetningum sem tilheyra allt öðrum sögum. Reynið að koma auga á þessa skemmtilegu sögugesti!



Ben Mendelsohn leikur „vonda kallinn“ í myndinni, hinn gráðuga Nolan sem er staðráðinn í að komast yfir Oasis með öllum ráðum.

**Veistú svarið?**

*Ready Player One* er 32 bíómynd Stevens Spielberg sem leikstjóra en þá fyrstu, *The Sugarland Express*, sendi hann frá sér árið 1974. Hvað hétu næstu tvær myndir hans sem frumsýndar voru 1975 og 1977.



Í myndinni koma fram fjölmargir karakterar úr öðrum myndum og leikjum, þ. á m. úr *Járnrisanum*, *Nightmare on Elm Street*, *TRON*, *LOTR*, *King Kong*, *Back to the Future*, *Tomb Raider* og mörgum fleiri sögum.

*Jaws and Close Encounters of the Third Kind*





## Blockers

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** John Cena, Leslie Mann, Ike Barinholtz, Kathryn Newton, Gideon Adlon, Geraldine Viswanathan, Graham Phillips, Miles Robbins og Jimmy Bellinger **Leikstjórn:** Kay Cannon **Útgefendur:** Myndform (DVD) og Síminn og Vodafone (VOD)

9. ágúst



Leslie Mann og Ike Barinholtz í einu atriði myndarinnar.

### Veistu svarið?

Leslie Mann er ein af vinsælustu gamanleikkonum Bandaríkjanna og á meðal þekktra mynda hennar eru *Knocked Up*, *The Other Woman* og *The 40 Year-Old Virgin ...* sem eiga það líka sameiginlegt að vera leikstýrt af eiginmanni hennar. Hvað heitir hann?



myndmynd

### Hana nú ...

Þegar þau Lisa, Mitchell og Hunter uppgötva að dætur þeirra, Julie, Kayla og Sam, hafa bundist samkomulagi um að missa meydóminn eftir útskriftarball menntaskólans ákveða þau að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir það.

*Blockers* þykir allveg einstaklega fyndin og skemmtileg mynd sem gagnrýnandi *Variety*, Joanna Robinson, sagði t.d. um í dómi sínum að væri hið fullkomna svar nútímans við hinna nærri tuttugu ára gömlu *American Pie*, einni af vinsælustu gamanmyndum ársins 1999.

Með því að snuðra skammlaust í einkaskilaboðum Julíu dóttur sinnar kemst Lisa að því að hún hefur ásamt vinkonum sínum Kaylu og Sam ákveðið að öðlast sína fyrstu kynlífsreynslu eftir útskriftarballið. Við það á Lisa erfitt með að sætta sig, svo og feður þeirra Kaylu og Sam sem hún kallar á til að hjálpa sér að koma í veg fyrir þessa hispurslausu áætlun. En hvernig í veröldinni fara þau að því?



Þegar þau Hunter, Lisa og Mitchell uppgötva með siðlausu snuðri (sem þau sjá ekkert athugavert við) að dætur þeirra ætla sér að missa meydóminn eftir útskriftarballið ákveða þau að grípa til sinna ráða.

### Punktur .....

★★★★1/2 - *Entert. W.* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Slate* ★★★★★ - *Vanity Fair* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *The Wrap* ★★★★★ - *The Film Stage* ★★★★★ - *IGN*

• Myndinni er leikstýrt af Kay Cannon og er hennar fyrsta leikstjórnarverkefni en Kay skrifaði m.a. handritin að fyrstu tveimur *Pitch Perfect*-myndunum og sjónvarpsþáttum eins og *30 Rock* og *Girlboss*.



Dæturnar þrjár, Kayla, Julie og Sam ásamt piltunum Connor, Austin og Chad sem þær ætla að eiga góðar stundir með eftir útskriftarballið.



## Óður til móður

Marlo er nýorðin móðir í þriðja sinn og er alveg úrvinda af þreytu og svefnleysi því fyrir utan umstangið í kringum nýfædda barnið eru hin tvö börnin, fimm og átta ára, líka þurftar-frek. Marlo líður eins og hún sé komin fram á einhvers konar bjargbrún í lífinu og við það að gefast upp. En þá kemur Tully!

Þessi stórskemmtilega mynd er eftir leikstjórnann Jason Reitman og er gerð eftir handriti Diablo Cody en þau tvö unnu líka saman að gerð myndanna *Juno* sem var tilnefnd til fernra Óskarsverðlauna 2008 og hinnar þrælgóðu og skemmtilegu *Young Adult* árið 2011 en í henni fór Charlize Theron einnig á kostum eins og hún gerir í þessari mynd og hlaut m.a. fyrir leik sinn tilnefningu til Golden Globe-verðlaunanna. Hér leikur hún hina örþreyttu Marlo sem þrátt fyrir alla þreytuna og álagið list ekkert á þegar bróðir hennar ákveður upp á sitt eindæmi að ráða barnfóstruna Tully til að létta undir með henni á heimilinu. Hún er því skeptísk til að byrja með en eftir því sem hún kynnist Tully betur og hvernig hún tekst á við hlutina byrjar líf hennar smám saman að öðlast nýjan tilgang ...



## Tully

### Gamandrama



**Aðalhlutverk:** Charlize Theron, Mackenzie Davis, Ron Livingston, Mark Duplass, Elaine Tanr, Emily Haine, Lia Frankland og Katie Hayashida **Leikstjórn:** Jason Reitman **Útgefandi:** Myndform

10. ágúst



Marlo nýtur ekki mikillar aðstoðar eiginmannsins sem vinnur frá morgni til kvölds og hefur lítinn skilning á því sem á henni hvílir.

#### Veistu svarið?

Fyrir utan að hafa gert myndirnar *Young Adult* og *Juno* eftir handritum Diablo Cody á Jason Reitman að baki fleiri góðar myndir eins og *Men, Women & Children*, *Labor Day*, *Up in the Air* og *Thank You for Smoking*. Hver lék aðalhlutverkið í þeirri síðastnefndu?



Aaron Eckhart



Charlize Theron er í upphaldi hjá mörgum og þykir sýna enn einu sinni hversu góð leikkona hún er sem þriggja barna móðirin Marlo.

### Punktar .....

★★★★★ - *Slate* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★1/2 - *V. Voice* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *W. Post* ★★★★★ - *E. Weekly* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *Guardian*

• *Tully* hefur eins og sést fengið toppdóma og er með 7,5 í meðal-einkunn á Metacritic, 7,3 á IMDb.com og 8,7 á Rotten Tomatoes. Þetta er mynd sem langflest kvikmyndaáhugafólk kann að meta.



Mackenzie Davis leikur barnfóstruna Tully sem reynist búa yfir miklu meiri hæfileikum en þeim sem þarf í barnfóstrustarfið.



Gengið í eigin gildru

Allie Rusch er starfsmaður á slúðurblaði í Los Angeles sem fær þá skipun frá ritstjóranum að kanna hvort eitthvað sé til í því að tvær upprennandi stjórnur, þau Caleb Greene og Carson Peet, séu farin að stinga saman nefjum.

*It Happened One Valentine's* er létt, rómantísk kómedía þar sem misskilningur kemur mikið við sögu. Það vill svo til að þau Caleb og Carson eru fyrrverandi skólafélagar Allie og því á hún greiðari leið að þeim en margir aðrir. En þegar hún kemst að því að slúðursagan sem hún átti að skrifa er allt annars eðlis en hún gat gert sér í hugarlund lendir hún í vanda sem jafnvel hún getur ekki skrifað sig út úr ...

Punktur .....

- Útítriði myndarinnar eru öll tekin upp í Pasadena, Burbank, Tarzana, Woodland Hills og Newbury Park og ættu því þeir sem þekkja vel til í Los Angeles og nágrenni að kannast við umhverfið.



Leikhópur myndarinnar ásamt leikstjóranum Jake Helgren.

VOD 9 @\*! 92 min

**Aðalhl.:** Haley Webb, James Maslow, Lindsay Hartley og Ione Butler **Leikst.:** Jake Helgren **Útgefandi:** Myndform

**Rómantík** **10. ágúst**



Denzel Washington mætir hér spóskur á svip til forsýningar á nýjustu mynd sinni og leikstjórans Antoine Fuqua, *The Equalizer 2*, í Kínverska kvikmyndahúsinu í Los Angeles 17. júlí.



Þær Lily James, Cher og Amanda Seyfried stilltu sér upp í London 16. júlí þar sem verið var að forsýna myndina *Mamma Mia, Here We Go Again*, en þar fara þær allar með stór hlutverk.



Þær Rebel Wilson og Priyanka Chopra virtust í stuði í New York 15. júlí þar sem verið var að taka upp atriði í myndina *Isn't It Romantic?* sem verður frumsýnd næsta sumar.





## Uppgjör uppgjöranna

**Gud talar ud er byggð á samnefndri sjálfsævisögu rithöfundarins og leikritaskáldsins Jens Blendstrup sem kom út árið 2004 og segir frá afar sérstökum uppvaxtarárum hans í Árósum á níunda áratug síðustu aldar.**

Jens Blendstrup fæddist árið 1968 í úthverfinu Risskov í norðanverðum Árósum og er yngstur þriggja bræðra. Uppvaxtarsaga hans og bræðra hans einkenndist af yfirráðum föður þeirra, sálfræðingsins Uffe sem var sannarlega ekki eins og fólk var flest og sagðist m.a. vera guð. Allt þurfti að vera eftir hans höfði á heimilinu og átti móðir drengjanna fullt í fangi með að halda því saman í heilu lagi enda voru bræðurnir ákveðnir í að yfirgefa það við fyrsta tækifæri. Og þegar Uffe fékk síðan ærna ástæðu til að skrifa æviminningar sínar fór allt úr böndunum ...

### Punktur .....

- *Gud talar ud* var tilnefnd til Bodil-verðlaunanna fyrir leik Lisu Nilson og til fimm Robert-verðlauna, þ.e. fyrir handrit, sviðsetningu, búninga, förðun og tónlist.




Søren Malling leikur hinn sérstaka Uffe sem er sjálfskipaður guð og Lisa Nilsson leikur Gerd Lillian sem þarf að taka í taumana þegar hlutirnir eru á leið úr böndunum.



**Aðalhl.:** Søren Malling, Marie Askehave, Lisa Nilsson og Mads Riisom **Leikstj.:** Henrik Ruben Genz **Útgefandi:** Myndform

**Gamandrama**

**10. ágúst**




## Símon

### Sjö þættir um fjallhressa kanínustrákinn Símon

Teiknimyndabættirnir um Símon eru byggðir á metsölubókum Stephanie Blake sem hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál og hafa þessir þættir notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þ. á m. á RÚV.

Símon er eldhress kanínustrákur sem lætur sér fátt óviðkomandi og er óhræddur við að prófa og læra eitthvað nýtt. Um leið á hann það til að gera mistök en þótt hann sé svona lítill er hann með stórt hjarta og er ávallt fljótur að sjá muninn á röngu og réttu.



**Teiknimyndir** um Símon kanínustrák og uppátæki hans á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**10. ágúst**




Allir eiga sér sögu

Í bíómyndinni *Andið eðlilega* er sögum tveggja ólíkra kvenna fléttað saman, annars vegar hælisleitanda frá Gíneu-Bissá og hins vegar ungrar íslenskrar konu sem hefur störf við vega-bréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli. Leiðir þeirra liggja saman á örlagastundu í lífi beggja og tengjast þær óvæntum böndum.

*Andið eðlilega* er fyrsta mynd Ísoldar Uggadóttur í fullri lengd en hún á að baki fjórar stuttmyndir sem hafa borið hróður hennar víða um lönd og aflað fjölda verðlauna, þar á meðal tvennra Edduverðlauna fyrir myndirnar *Njálsgata* árið 2009 og *Clean* árið 2011, en áður hafði mynd hennar *Góðir gestir* verið valin til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni 2007.

Meginþema í myndum Ísoldar hefur frá upphafi verið reynsluheimur kvenna þar sem lögð er áhersla á raunsanna frásögn af raunverulegum aðstæðum og svo er einnig með söguna í *Andið eðlilega*. Við undirbúning á henni gerðist Ísold m.a. sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum þar sem hún komst hún í kynni við erlenda konu sem hafði leitað hælís á Íslandi og þurfti að glíma við margvíslega erfiðleika. Ísold hafði þegar hafið vinnu við sögu efnalíttillar konu, Láru, sem reynir að draga fram lífið fyrir sjálfa sig og barnungan son, en fær tækifæri til betra lífs þegar henni býðst lærlingsstaða á Keflavíkurflugvelli. Innblásin af sögu konunnar sem hún kynntist hjá Rauða krossinum ákvað Ísold að tengja saman sögur þessara kvenna. Inn í atburðarásina fléttast svo tengsl Láru við Eldar son sinn, sem sjálfur vill umfram allt veita kisunni sinni, Músa, öruggt skjól ...



Andið eðlilega

Saga úr samtímanum



**Aðalhlutverk:** Kristín Þóra Haraldsdóttir, Babetida Sadjo, Patrik Nökkvi Pétursson, Bragi Árnason, Sólveig Guðmundsdóttir, Jakob Jónsson, Sveinn Geirsson, Helga Vala Helgadóttir, Þorsteinn Bachmann, Guðbjörg Thoroddsen og Gunnar Jónsson. **Leikstjórn:** Ísold Uggadóttir  
**Útgefandi:** Sena

16. ágúst



Veistu svarið?

Eins og kemur fram í kynningunni hér á síðunni er hælisleitandinn Adja frá Afríkurlíkinu Gíneu-Bissá þar sem opinbera tungumálið er portúgalska. Langflestir landsmenn nota þó sín á milli sértækt afbrigði af portúgölsku. Hvað nefnist það afbrigði?



Kristín Þóra Haraldsdóttir og Patrik Nökkvi Pétursson sem mæðginin Lára og Eldar í verðlaunamynd Ísoldar Uggadóttur, *Andið eðlilega*.


Punktar .....

- *Andið eðlilega* hefur hlotið góða dóma gagnrýnenda, t.d. hjá kvikmyndatímaritinu Variety þar sem efnistöð Ísoldar eru sögð minna á efnistöð meistara Kens Loach og belgísku Dardenne-bræðranna. Myndin er með 7,4 í meðaleinkunn almennra áhorfenda á IMDb.
- *Andið eðlilega* var valin á hina virtu Sundance-kvikmyndahátíð, þar sem hún var verðlaunuð fyrir bestu leikstjórn í flokki alþjóðlegra mynda (World Cinema). Næst fór hún á Gautaborgarhátíðina þar sem hún hlaut Fipresci-verðlaun alþjóðlegra gagnrýnenda. Það tvennt undirstrikar hversu áhrifarík gæðamynd *Andið eðlilega* er.



Í hlutverki hælisleitandans Adju er Babetida Sadjo.





## Ef helvíti er til þá er þetta verra

Eftir að lögreglumaðurinn Daniel Carter ekur fram á skelfingu lostinn mann og kemur honum á sjúkrahús fer í gang atburðarás sem orð geta ekki lýst.

Kvikmyndin *The Void* er fyrir aðdáendur vísindaskáldsagna með hrollvekjuvafi, en hún er eftir þá félagi Steven Kostanski og Jeremy Gillespie sem hafa um árabil verið eftirsóttir föðunar- og brellumestatarar og unnu t.d. við myndir eins og *Suicide Squad* og *It*. *The Void* er af gamla skólanum hvað tæknibrellur varðar, þ.e. að þær eru allar handgerðar en ekki tölvugerðar eins og nú er algengast. Það ljær myndinni nokkuð gamaldags yfirbragð en um leið þykir þeim Steven og Jeremy hafa tekist að kalla fram allt það besta sem hægt var að gera í höndunum í „gamla daga“ og lyfti fólki á víxl upp úr sófanum eða negldi það niður í hann ...

**Punktur** .....

★★★★ - *Time Out* ★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *Screen International* ★★★ - *Variety* ★★★ - *Empire* ★★★ - *Total Film* ★★★ - *Globe and Mail* ★★★ - *A. Republic*

- *The Void* var fjármögnuð af aðstandendum hennar, vinum og vandamönnum þeirra og frjálsum fram-lögum áhugafólks um kvikmyndir í gegnum fjármögnunarsíður á netinu.



- Myndin er undir sterkum áhrifum hrollvekja níunda áratugar síðustu aldar, ekki síst myndum Johns Carpenter, *The Thing* (1982) og *Prince of Darkness* (1987).

Fimm af þeim sem geta lítið annað gert en að biða þess sem verða vill eru leikin af Aaron Poole, Daniel Fathers, Kathleen Munroe, Ellen Wong og Mik Byskov.

**Aðalhl.:** Aaron Poole, Kenneth Welsh, Daniel Fathers og Ellen Wong **Leikstj.:** J. Gillespie og S. Kostanski **Útg.:** Myndform

Vísindahrollur

17. ágúst



## Konan sem skapaði Frankenstein

Sagan af Mary Shelley sem skrifaði fyrir tvítugt hina sígildu sögu um dr. Victor Frankenstein og óskapnað hans, en sagan kom fyrst út árið 1818.

Mary Wollstonecraft Godwin var fædd 30. ágúst 1797 og var af þekktu fólki komin. Móðir Mary, Mary Wollstonecraft, lést þó innan mánaðar frá fæðingu hennar og ólst stúlkan síðan upp í umsjá föður síns, Williams Godwin. Árið 1814, þegar Mary var aðeins sextán ára, hóf hún ástarsamband við hinn kvænta Percy Bysshe Shelley og átti samband þeirra eftir að valda mikilli hneykslun. Þegar Mary var aðeins 18 ára fór hún í ferðalag með Percy til Frakklands og það var í því ferðalagi sem hún byrjaði að skrifa söguna um dr. Victor Frankenstein og skrímslið sem hann skapaði. Hún kom síðan út tveimur árum síðar og náði strax vinsældum, en um leið þurfti Mary að glíma við þann orðróm og trú margra að Percy hefði skrifað söguna því svona sögu gæti kona ekki skrifað, hvað þá tvítug ...

**Punktur** .....

★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★1/2 - *Boston Globe* ★★★1/2 - *N. Y. Times* ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★ - *L. A. Times* ★★★ - *Empire* ★★★ - *The Guardian*

- Í myndinni kemur við sögu þekkt samtíðarfólk Mary Shelley, t.d. Byron lávarður, ljóðskáldið Samuel Taylor Coleridge, systir Mary, Claire, sem var barnsmóðir Byrons, lögmaðurinn og skáldið Thomas Jefferson Hogg sem var besti vinur Percys Shelley, en Percy var sjálfur eitt virtasta ljóðskáld Bretlands á þessum tíma, og nokkrir fleiri.



Þau Mary og Percy (í miðju) eru leikin af Elle Fanning og Douglas Booth og þau Bel Powley og Tom Sturridge leika þau Claire Clairmont og Byron lávarð.

**Aðalhlutverk:** Elle Fanning, Douglas Booth, Tom Sturridge og Bel Powley **Leikstjórn:** Haifaa Al-Mansour **Útg.:** Myndform

Sannsgöleg

17. ágúst





**Aðalhl.:** Gemma Arterton, Derek Jacobi, Mark Rendall og Elliott Gould **Leikstj.:** Radu Mihaileanu **Útg.:** Myndform

**Gamandrama**

**17. ágúst**

## Sagan fer í hringi

*The History of Love*, eða *Saga ástarinnar*, er í raun nokkrar samtvinnaðar ástarsögur sem spanna meira en 60 ár þar sem miðpersónan er Léo Gursky, bæði á sínum yngri og efri árum. Þetta er mynd fyrir þá sem kunna að meta sögulegar ástar- og örlagasögur sem sitja lengi eftir í minningu áhorfenda.

Það er ekki hlaupið að því að lýsa söguþræði þessarar myndar í fáum orðum en hún hefst í Póllandi fyrir síðari heimsstyrjöldina þar sem við kynnumst þeim Léo Gursky og Ölmú Mereminski. Þau þróa með sér innilegt ástarsamband sem rofnar þegar Alma er send til Bandaríkjanna áður en Þjóðverjar hertaka landið. Léo lendir á milli steins og sleggju í styrjöldinni en lifir hana af, staðráðinn í að komast til Bandaríkjanna og finna æskuást sína. En hans biða dapurlegar fréttir ...


### Punktur

- Myndin er gerð eftir samnefndri bók Nicole Krauss sem kom út árið 2004 og var þýdd á hátt í 40 tungumál, þ. á m. á íslensku af Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur, en hér á landi kom sagan út hjá Skugga forlagi árið 2008 og heitir *Saga ástarinnar*.

- Upphaflega hafði John Hurt tekið að sér hlutverk Léos Gursky eldri en þegar veikindi hans reyndust alvarlegri en hann hélt þau væru neyddist hann til að draga sig í hlé og sté Derec Jakobi þá inn í hans stað.



Derec Jakobi í hlutverki Léos Gursky á efri árum og Sophie Nélisse leikur Ölmú Singer sem að hluta til endurtekur sögu Léos frá hans yngri árum.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um Móa og félagi **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**17. ágúst**

## Mói

### Komdu með í ferðalög um heiminn

Þættirnir um Móa björn, sem elskar að ferðast um heiminn á hjólinu sínu ásamt besta vini sínum og heimsækja sögufræga staði, hafa verið sýndir að undanfögnu á RÚV. Nú koma þeir einnig út á VOD-leigunum og hér eru þættir 25 til 31 í seríunni.

Teiknimyndirnar um Móa og ferðalög hans eru byggðar á bók franska barnabókahöfundarins Marcs Boutavant, *Umhverfis jörðina með Móa* sem kom út árið 2009 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Efnid er fyrir börn á leikskólaaldri sem fylgja forvitna birninum Móa á ferðalögum um heiminn og læra um sögufræga staði, lönd og borgir og alls konar hluti sem varða ekki hvað síst menningu og mismunandi siði landa og þjóða. Hver þáttur er 11 mínútur að lengd.







## Rampage

Ævintýri / Hasar / Húmor



**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Jeffrey Dean Morgan, Naomie Harris, Malin Akerman, Will Yun Lee og Jack Quaid **Leikstjórn:** Brad Peyton **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

20. ágúst



Davis Okoye er vandi á höndum því um leið og hann þarf að berjast við stökkbreytt risadýr þarf hann að vernda vin sinn, górilla George.

### Veistu svarið?

Rampage er þriðja myndin sem þeir Dwayne Johnson og leikstjórninn Brad Peyton gera saman en sú fyrsta var *Journey 2: The Mysterious Island* sem var frumsýnd 2012. En hvað heitir önnur mynd þeirra sem var frumsýnd sumarið 2015?



San Andreas

### Einhver verður að bjarga heiminum!

George er albínó-górilla í eigu dýrafræðingsins Davis Okoye sem jafnframt er hans besti vinur enda hefur myndast á milli þeirra einstakt vináttusamband. En þegar George veikist af einhverjum ókunnnum sjúkdómi sem veldur ofsavexti og miklum skapsveiflum byrja hlutirnir að fara úr böndunum.

Rampage sækir efnivið sinn í samnefnda tölvuleikjaseríu þar sem leikmenn stýrðu fólki sem hafði stökkbreyst í risadýr eins og górilla George, úlfinn Ralph og Lizzie, sem er nokkurs konar blanda af risaeðlu og krókódíl, og mörg önnur, en þessi dýr þrömmuðu um allar grundir og brutu og brömluðu allt sem á vegi þeirra varð í leit að þeim sem báru ábyrgð á óföllum þeirra. Myndin fylgir að vísu ekki þeim söguþræði nema að hluta til því hér á Dwayne Johnson sviðið í hlutverki Davis sem þarf að finna mótefni gegn ofsavexti dýranna áður en þau leggja allar borgir Bandaríkjanna í rúst ...

Kvikmyndaáhugafólk sem vill sjá hreinræktað ævintýri og hasar þar sem húmorinn er aldrei langt undan ætti að leiga sér þessa!



Dwayne Johnson leikur dýrafræðinginn Davis Okoye sem tekist hefur að mynda einstakt vinasamband við górilla George og Naomie Harris leikur genafræðinginn Kate Caldwell sem gengur í lið með honum.


### Punktar .....

- ★★★★ - *Telegraph* ★★★1/2 - *Verge* ★★★1/2 - *H. Reporter*
- ★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *N.Y. Post* ★★★★★ - *Empire*
- ★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Total Film*

• Fyrsti Rampage-tölvuleikurinn kom út árið 1986 og fram til ársins 2006 voru fimm aðrir leikir gefnir út í seríunni, *Rampage World Tour*, *Rampage Universal Tour*, *Rampage Through Time*, *Rampage Puzzle Attack* og *Rampage Total Destruction*. Eins og þeir vita sem spiluðu þessa leiki var górilla George og fleiri dýr sem leikmenn spiluðu með í raun fólk sem hafði stökkbreyst af völdum tilrauna eða vegna einhvers konar eiturs sem illmennin á Scumlabs-rannsóknarstofunni höfðu framleitt og byrjað þeim. Í myndinni má finna margar skemmtilegar tilvísanir í leikina.







**Aðalhl.:** Saoirse Ronan, Laurie Metcalf, Tracy Letts og Lucas Hedges **Leikstj.:** Greta Gerwig **Útgef.:** Síminn og Vodafone

**Gamandrama**

**20. ágúst**

## Skapaðu þér þitt eigið nafn

**Gamandramað Lady Bird er að margra mati ein af bestu og skemmtilegustu myndum ársins 2017 og kemur nú loksins út á sjónvarpsleigunum 20. ágúst.**

Lady Bird er af þeirri tegund mynda sem á ensku eru jafnan nefndar „coming of age“-myndir en þær fjalla um það tímabil í lífi hvers manneskju þegar þær þurfa að taka skrefin frá æsku- og unglingsárunum yfir í heim hinna fullorðnu. Það getur gengið misjafnlega eins og allir vita sem reynt hafa og hér er þessum skrefum lýst á snildarlegan hátt með sérlega vel skrifuðum samtölum og samleik þeirra leikara sem við sögu koma. Ekki láta þessa frábæru mynd fram hjá þér fara.

**Punktur** .....

- ★★★★★ - Time ★★★★★ - C. Sun-Times ★★★★★ - Los Angeles Times
- ★★★★★ - W. Post ★★★★★ - The New York Times ★★★★★ - CineVue
- ★★★★★ - Time Out ★★★★★1/2 - Wrap ★★★★★1/2 - Entertainm. Weekly
- ★★★★1/2 - H. Reporter ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★1/2 - Rolling Stone
- ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Total Film ★★★★★ - Guardian ★★★★★ - Slant

• Lady Bird hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar og var t.d. tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, fernna Golden Globe-verðlauna og þrenna BAFTA-verðlauna.

• Myndin gerist að mestu í borginni Sacramento í Kaliforníu og urðu vinsældir hennar til þess að nú er boðið upp á skipulagða göngutúra um göturnar og svæðin sem myndin gerist á.



Saoirse Ronan og Lucas Hedges sem þau Lady Bird og Danny O'Neill í einu atriði myndarinnar.

## Það er kominn tími til!

**Fimmmenningarnir í Broken Lizard-gríngenginu mæta aftur sem löggurnar Thorny, Foster, Mac, Rabbit og Farva, en þeir gerðu það gott í grínsmellinum Super Troopers árið 2001 og hafa nú fengið glænýtt verkefni.**

Í þetta sinn kemur í ljós að landmælingar á spildu einni sunnarlega í Québec í Kanada hafa verið rangar því nýjar mælingar sýna að hún tilheyrir að öllum líkindum Vermont-ríki Bandaríkjanna en ekki Québec. Á meðan endanlega er skorið úr um eignarhaldið fyrir dómstólum er svæðið lýst hlutlaust og felst verkefni okkar manna í því að koma upp nýrri eftirlitsstöð á því. Því kunna íbúar svæðisins frekar illa og þá ekki síst hin kanadíska sveit landamæravarða sem lítur á allt bandarískt sem óvelkomna aðskotahluti. Það má því segja að andrúmsloftið á svæðinu verði í framhaldinu lævi blandið og alveg sérlega eldfimt ...

**Punktur** .....

- ★★★★ - N. Y. Times ★★★★★1/2 - ReelViews ★★★★★ - Empire ★★★★★ - H. Reporter

• Til að fjármagna gerð myndarinnar fóru fimmmenningarnir í samstarf við fjármögnunurvefinn Indiegogo í mars 2015 og var markið sett á að safna tveimur milljónum dollara. Það náðist með glans á aðeins 26 klukkustundum og þegar yfir lauk var upphæðin komin í 4,4 milljónir dollara. Um leið varð þetta sjöunda best heppnaða fjármögnun Indiegogo frá upphafi.



Fyrir utan löggurnar fimm koma bæði gamlir kunningjar úr fyrri myndinni og nýjar persónur við sögu, þar á meðal bæjarstjórinn Guy Le Franc sem Rob Lowe leikur.



**A.hl.:** Fimmmenningarnir í Broken Lizard-gríngenginu ásamt gestum **Leikstj.:** Jay Chandrasekhar **Útg.:** Síminn og Vodafone

**Gaman/farsi**

**23. ágúst**





## Hvað gerðist í Guernsey?

Juliet Ashton er ungur og upprennandi rithöfundur í London árið 1946 sem í gegnum bréfaskipti við einn af meðlimum Bókmennta- og kartöflubökufélags Guernsey-eyju fær mikinn áhuga á að kynna sér reynslu eyjarskeggja eftir að Þjóðverjar hertóku Guernsey í síðari heimsstyrjöldinni. Svo fer að hún ákveður að skella sér í heimsókn og skoða málið persónulega.

Það er ekki hlaupið að því að flokka mynd eins og *Bókmennta- og kartöflubökufélagið* í hina venjubundnu kvikmyndaflokka því um leið og hún byggir á sönnum og sögulegum atburðum inniheldur hún bæði grín, rómantik og dularfulla ráðgátu um atburði í síðari heimsstyrjöldinni sem eru hreint ekkert myndnir. En þegar öllu er á botninn hvolft er myndin kannski fyrst og fremst um ást og vináttu enda hafa margir gagnrýnendur flokkað hana sem „feel good“-sögu, þ.e. sögu sem skilur eftir sig góða tilfinningu hjá áhorfendum.

*Bókmennta- og kartöflubökufélagið* er gerð af leikstjóranum Mike Newell sem á m.a. að baki hinar afar góðu myndir *Donnie Brasco*, *Dance with a Stranger* og *Mona Lisa Smile*, og ekki síst einhverja vinsælustu bresku mynd allra tíma, *Four Weddings and a Funeral* ...



Lily James leikur rithöfundinn Juliet Ashton sem ákveður að fara til Guernsey og rannsaka hinar ýmsu sögur um samfélagið þar.

## Bókmennta- og kartöflubökufélagið

Gamanmynd / Rómantik / Sannsögulegt



**Aðalhlutverk:** Lily James, Matthew Goode, Michiel Huisman, Jessica Brown Findlay, Tom Courtenay, Glen Powell, Penelope Wilton, Bronagh Gallagher og Katherine Parkinson **Leikstjórn:** Mike Newell **Útgefandi:** Myndform

23. ágúst



Meðlimir Bókmennta- og kartöflubökufélagsins eru á öllum aldri og hér fær Juliet að bragða í fyrsta sinn á samnefndri bók.

### Veistu svarið?

Lily James, sem fer með aðalhlutverkið í myndinni gerði það gott í bresku *Downton Abbey*-sjónvarpsþáttunum en sló svo í gegn alþjóðlega þegar hún lék titilpersónuna í Disney-mynd sem gerð var eftir þekktu ævintýri. Hverja lék hún þar?



Óskungr

## Punktar .....

★★★★ - *Telegraph* ★★★1/2 - *Screen* ★★★1/2 - *H. Reporter*

• Myndin er byggð á metsölubókinni *The Guernsey Literary and Potato Peel Pie Society* eftir þær Mary Ann Shaffer og Annie Barrows, en hún kom út árið 2008 og síðan hjá Bjarti bókaútgáfu tveimur árum síðar í íslensku þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur.



• Fjögur af þeim sem fara með stærstu hlutverkin í myndinni, þau Lily James, Jessica Brown Findlay, Matthew Goode og Penelope Wilton, léku stór hlutverk í *Downton Abbey*.



Um leið og Juliet uppgötvar hvað íbúarnir á Guernsey þurftu að ganga í gegnum í hernáminu þarf hún að takast á við sínar eigin tilfinningar.





## Krummi klóki

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Sigurður Þór Óskarsson, Viktor Már Bjarnason, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Selma Björnsdóttir, Karl Pálsson, Íris Tanja Flygenring, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Ívan Rökkvi Eliasson og Matthías Davíð Matthíasson  
**Leikstjórn:** Árni Ólason **Útgefandi:** Myndform

23. ágúst



## Kappaksturinn mikli

Þessi bráðfjöruga og litríka teiknimynd er byggð á sögum þýska barnabókahöfundarins Nele Moost með teikningum eftir Annet Rudolph en þær hafa verið þýddar á 22 tungumál hingað til og selst í meira en fimm milljónum eintaka.

Krummi klóki er lífsglaður og fjörugur krummi en dálitill galgopi á köflum. Dag einn leiðir glannaakstur hans um skóginn til að hann ekur á birgðageymslu með þeim afleiðingum að allar matarbirgðirnar sem dýrin í skóginum höfðu safnað til vetrarins fara forgörðum. Úr vöndu er að ráða en þá fær Krummi þá hugmynd að taka þátt í spennandi skógarkappakstri þar sem sigurvegaranum er heitið 100 gullpeningum. Það ætti jú að nægja til að bæta skaðann.

Í framhaldinu lendir Krummi klóki síðan í alls konar skringilegum ógöngum og óvæntum uppákomum og hvort sem honum tekst að sigra í kappakstrinum eða ekki á hann eftir að læra að sumt er jafnvel meira virði en gullpeningar, t.d. sönn vinátta og samvinna ...







**Aðalhl.:** Heather McComb, Paul Greene, Kiersten Warren og Lexi Giovagnoli **Leikstj.:** Charlie Vaughn **Útgef.:** Myndform

Rómantík

24. ágúst

## Það er alltaf tími fyrir nýtt upphaf

**Diane er fráskilin og tveggja barna móðir sem eftir áralanga baráttu við að komast til metorða hjá auglýsingafyrirtæki í Los Angeles ákveður að flytja aftur á heimaslóðirnar þegar hún erfir þar hús, og hugsa málin upp á nýtt.**

*Sweet Home Carolina* er ljúf, rómantísk mynd frá Marvista um lífið og tilveruna, ástina, foreldrahlutverkið og ekki síst um að venda sínu kvæði í kross og byrja upp á nýtt. Eftir að hafa sannfært dætur sínar tvær um að þær muni snúa aftur til Los Angeles eftir eitt ár flytur Diane ásamt þeim í sinn gamla heimabæ í Carolinarríki. Þar bíður hennar það verkefni að lappa upp á húsið sem hún erfði um leið og hún endurnýjar kynnin við bæjarbúa og gamla vini. Einn af þeim er hinn myndarlegi Luke sem ber enn ástarhug til Diane. En þegar útsendarar frá auglýsingafyrirtækinu í Los Angeles koma óvænt í heimsókn með tilboð upp á vasann sem Diane á erfitt með að hafna neyðist hún til að taka endanlega ákvörðun ...



Paul Greene og Heather McComb í hlutverkum sínum sem þau Luke og Diane og það er Elayna Grace sem leikur yngri dóttur Diane, Aubry.

## Veldu rétt!

**Kántrýsöngkonan Charlotte er að fara að gifta sig eftir eina viku og fer ásamt vinkonum sínum á heimaslóðirnar í Tennessee til að sækja brúðarkjól móður sinnar. En þegar hún hittir fyrrverandi unnusta sinn, Ray, fer hún fljótlega að fá efasemdir um að hún sé að giftast rétta manninum.**

Þótt rómantíkin svifi hér yfir vötnum er flókin alvaran undirliggjandi því það tekur unnusta Charlotte og tilvonandi eiginmann, Spencer, auðvitað ekki langan tíma að átta sig á að konan sem hann ætlaði að kvænast eftir nokkra daga er skyndilega að ganga honum úr greipum. Og hvað gera menn í hans stöðu þá?

### Punktur .....

- Aðalleikkona myndarinnar, Lauren Alaina, varð í öðru sæti American Idol-keppinnar 2011 og hefur síðan átt góðu gengi að fagna sem kántrýtónlistarkona á heimaslóðunum í Georgíu og víðar enda hörkusöngkona og finn lagahöfundur. Hún gaf einmitt út plötuna *Road Less Traveled* í fyrra en titillag hennar hefur notið mikilla vinsælda og fór m.a. í efsta sætið á kántrýlista Billboard.



**Aðalhlutverk:** Lauren Alaina, Donny Boaz, Charlene Tilton og Jason Burkey **Leikstjórn:** Blair Hayes **Útgefandi:** Myndform

Rómantík

24. ágúst



Lauren Alaina og Donny Boaz leika þau Charlotte og Ray í *Road Less Traveled*.





Hetjurnar koma úr óvæntustu áttum

Eins og heiti myndarinnar bendir til gerist hún í Compton-hverfinu í Los Angeles á þeim tíma sem allir, eða margir a.m.k., sem þar bjuggu töldu sig vera rappara á uppleið. Nokkrir þeirra hafa nýlega skrifað upp á mikilvægan samning um tónleikahald þegar þeir fá skyndilega um allt annað að hugsa.

Snake Outta Compton er gamanmynd og farski með dassi af vísindaskáldskap og splatter í bland. Um leið má segja að hún innihaldi riflegan skammt af ádeilu, ekki síst á þann kúltúr sem ríkti í Compton þegar tónlistarmenn eins og Ice Cube, Dr. Dre, Eazy-E, DJ Yella og fleiri byrjuðu að gera garðinn frægan í hljómsveitinni Niggers With Attitude. Inn í söguna blandast síðan snákur einn sem vegna efnafræðitilraunar eins af nördum hverfisins byrjar að stækka og stækka með tilheyrandi aukinni matarlyst. Vilji hinir vösku meðlimir rappsveitarinnar láta drauma sína rætast á tónlistarsviðinu verða þeir fyrst að leysa þetta snákavandamál ...



Þeir Pinball og Beez Neez (Motown Maurice og Tarkan Dospil) þurfa að grípa til hverra þeirra ráða sem þeim er fært að grípa til þegar snákurinn fer að gera þeim lífið leitt.



Aðalhl.: Ricky Flowers Jr., Motown Maurice, Tarkan Dospil og Aurelia Michael Leikstj.: Hank Braxtan Útgef.: Myndform

Skrímslagrín

24. ágúst

Stærra, betra, lífshættulegra!

D.C. er eigandi skemmtigarðsins Action Point sem hefur ekki gengið vel enda lítt viðhaldið og með frekar lélegum leiktækjum. Þegar nýr garður opnar í nágrenninu og dóttir D.C. kemur í heimsókn ákveður hann að taka sig á og breyta Action Point í öðruvísi skemmtigarð þar sem allt er leyfilegt!

Það er sjálfur Jackass-kóngurinn Johnny Knoxville sem fer hér fyrir sínu fólki í nýrri Jackass-mynd sem eins og Bad Grandpa inniheldur söguþráð utan um allar tilraunirnar og áhættuatriðin sem eru flest framkvæmd af Johnny sjálfum.

Myndin sækir innblásturinn í heimildarmyndina The Most Insane Amusement Park Ever eftir Matt Robinson en hún sagði frá skemmtigarðinum Action Park í New Jersey sem varð frægur að endemum á áttunda áratug síðustu aldar fyrir að vera einn hættulegasti skemmtigarður veraldar enda voru öll tækin þar í lamasessi og slys voru tíð, auk þess sem starfsfólkið hafði enga tækniþekkingu til að bera ...

Punktur .....

- Action Point var tekin upp á 14 vikum, en stór hluti af þeim tíma fór í að bíða eftir að Johnny Knoxville jafnaði sig eftir áhættuatriðin þar sem hann slasaðist iðulega við framkvæmd þeirra og brotnaði m.a. oftari en einu sinni.

- Skemmtigarðinum alræmda Action Park í New Jersey, sem er innblástur sögunnar í Action Point, var endanlega lokað árið 1996 en þá höfðu m.a. orðið sex banaslys í honum auk ótal annarra slysa. Þrátt fyrir það höfðu yfirvöld ekki brugðist við og það sem gekk endanlega frá rekstrinum voru skaðabótakröfur frá aðstandendum hinna látnu og frá þeim sem slösuðust.



Johnny Knoxville leikur eiganda Action Point, D.C., eða Deshawn Carver.



Aðalhlut.: Johnny Knoxville, Susan Yeagley, Johnny Pemberton og Jason Burkey Leikstj.: Tim Kirkby Útg.: Síminn og Vodafone

Gamanmynd

29. ágúst



## Stál í stál



Nítjándi Marvel-myndin og um leið þriðja *Avengers*-myndin er væntanleg á VOD-leigurnar 30. ágúst en í henni mæta nánast allar þær ofurhetjur sem við höfum kynnst í þessum myndum til leiks í baráttunni við hinn ógurlega Thanos sem kominn er til Jarðar ásamt sínum ómennska her til að finna svokallaða „eillifðarsteina“. Það má honum alls ekki takast!

Það má með sanni segja að þessi nýja *Avengers*-mynd frá Marvel sé heil kvikmyndahátíð út af fyrir sig, a.m.k. fyrir hina fjölmörgu aðdáendur ofurhetjumynda, enda ekki á hverjum degi sem allar þekktustu ofurhetjur Marvel-sagnaheimsins hittast og taka höndum saman. Tilefnið er ærið því von er á til Jarðar máttugasta óvini manna hingað til, óvini sem engin ofurhetja á roð í ein síns liðs.

Við förum ekki nánar út í söguþráðinn hér enda inniheldur hann atburðarás og uppákomur sem koma verulega á óvart og bannað er að segja þeim frá sem ekki hafa séð myndina. Þó ætti það að vera á flestra vitorði að baráttan við Thanos endar ekki hér þar sem hann er enn sprellifandi í fjórðu myndinni sem gerð var samhliða og verður frumsýnd að ári. En endir þessarar myndar er samt afar óvæntur ...



## Avengers: Infinity War

Evintýri / Ofurhetjur



**Aðalhlutverk:** Chris Hemsworth, Scarlett Johansson, Robert Downey Jr., Benedict Cumberbatch, Chadwick Boseman, Josh Brolin, Chris Evans, Tom Holland, Zoe Saldana, Chris Pratt, Paul Rudd og allir hinir  
**Leikstjórn:** Anthony og Joe Russo **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

30. ágúst

## Punktur .....

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2 - *Screen*  
 ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Verge* ★★★★★1/2 - *ReelViews*  
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *Variety*  
 ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *USA Today* ★★★★★ - *C. Sun-Times*

- Það tók heilt ár að kvikmynda *Infinity War* enda var fjórða myndin sem frumsýnd verður á næsta ári tekin upp samhliða.
- Atburðirnir í *Avengers: Infinity War* gerast um fjórum árum eftir atburðina í *Guardians of the Galaxy Vol 2*.
- Leikstjórar myndarinnar, bræðurnir Anthony og Joe Russo, gerðu *Captain America*-myndirnar *The Winter Soldier* og *Civil War*, en fyrri *Avengers*-myndunum tveimur var leikstýrt af Joss Whedon.
- Upphaflega var talað um að Carol Danvers, öðru nafni Captain Marvel, yrði kynnt til sögunnar í þessari mynd en hún verður leikin af Brie Larson í samnefndri mynd sem frumsýnd verður á næsta ári. Þetta var dregið til baka og Carol kemur ekki fram í *Infinity War* en þó er að finna í myndinni, þ.e. eftir að kredittextarnir eru búnir að rúlla sitt skeið á enda, tilvísun í hana í síðbúnu lokaatriði sem þeir sem yfirgáfu kvikmyndasalina of snemma misstu af í bíó.
- Þetta er í níunda sinn sem Robert Downey Jr. leikur Iron Man og um leið jafnar hann met Hughs Jackman sem einnig lék Wolverine níu sinnum. Robert setti sitt met á tíu árum en Hugh á sautján.
- Um leið og *Avengers: Infinity War* var frumsýnd í kvikmyndahúsum átti Marvel-bíósagnaheimurinn afmæli því nákvæmlega tíu ár voru þá liðin frá því að fyrsta myndin í honum, *Iron Man*, var frumsýnd.



Hinn illskeytti Thanos er ekkert lamb að leika sér við og ef hann nær að koma höndum yfir alla eillifðarsteinana verður hann ósigrandi.





## Vargur

Spennumynd / Tryllir



**Aðalhlutverk:** Gísli Örn Garðarsson, Baltasar Breki Samper, Anna Próchniak, Marijana Jankovic, Ingvar Eggert Sigurðsson og Rúnar Freyr Gíslason **Leikstjórn:** Börkur Sigbórssón **Útgefandi:** Sena

30. ágúst



Með hlutverk burðardýrsins fer leikkonan Anna Próchniak sem þykir einhver efnilegasta leikkona Póllands nú um stundir.

### Veistu svarið?

Það næsta sem við sjáum frá Berki Sigbórssyni er ný sería af *Ófærð* sem verður frumsýnd í haust. Þar munu áhorfendur endurnýja kynnin við margar af persónum fyrstu seríunnar, þ. á m. lögreglustjóran sem Ólafur Darri Ólafsson lék. Hvað heitir hann?



Andri Ólafsson


## Svo bregðast krosstré

Bræðurnir Erik og Atli eru við fyrstu sýn ólíkir að upplagi en hafa samt báðir komið sér í mikinn og bráðan fjárhagsvanda, hvor á sinn hátt. Þegar þeir sammælast um að leysa málin með því að fá unga pólska stúlku til að smygla fyrir þá eiturfjum innvortis til Íslands hefst þrautaganga þeirra þó fyrir alvöru!

*Vargur* er fyrsta mynd Barkar Sigbórssonar í fullri lengd en hann er þó enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð og á meðal annars að baki verðlaunastuttmyndina *Skaði* (*Come to Harm*), sem hlaut Edduverðlaunin árið 2012 sem besta stuttmynd ársins, auk leikstjórnar á nokkrum af þáttum sakamálaseríunnar *Ófærð* sem sló í gegn í sjónvarpi fyrir tveimur árum eins og flestir Íslendingar vita.

Með hlutverk bræðranna Eriks og Atla fara þeir Gísli Örn Garðarsson og Baltasar Breki Samper. Erik hefur komið sér í vond mál eftir að hafa dregið sér fé til að fjármagna óhóflegan og dýran lífsstíl sinn en Atli skuldar eiturfjasölum fúlgur fjár og glímir við hótanir ósvífina handrúkkara sem ógna einnig konu hans og barni.

Til að byrja með virðist þaulskipulögð áætlun þeirra um að smygla eiturfjunum til Íslands ætla að ganga upp en þá kemur óvænt babb í bátinn sem setur allt í uppnám og gjörbreytir stöðunni ...



Gísli Örn Garðarsson leikur Erik sem þarf nauðsynlega að finna leið til að afla mikilla peninga áður en upp um fjárdrátt hans kemst.

## Punktar .....

- Börkur Sigbórssón sem leikstýrir myndinni skrifaði einnig söguna og handritið og það er nokkuð óhætt að lofa væntanlegum áhorfendum að atburðarásin á eftir að koma þeim verulega á óvart.
- Aðalframleiðendur myndarinnar eru þau Baltasar Kormákur og Agnes Johansen. Stjórn kvikmyndatöku var í höndum Bergsteins Björgúlfssonar og Elísabet Rónaldsdóttir sá um klippinguna. Þessi fjögur eiga það líka sameiginlegt ásamt Berki leikstjóra að hafa komið að gerð hinna vinsælu sakamálabátta *Ófærð*.



Baltasar Breki Samper leikur Atla, en hann á í höggi við handrúkkara úr undirheimunum sem ógna einnig fjölskyldu hans.





## Búðu þig undir hið ómögulega


**Ævintýramyndin og vísindaskáldsagan *A Wrinkle in Time* er byggð á frægri bók bandaríska rithöfundarins Madeleine L'Engle sem kom út árið 1962.**

Meg Murry hefur varla litið glaðan dag síðan faðir hennar, vísindamaðurinn og stjarnæðlisfræðingurinn Alex Murry, hvarf sporlaust kvöld eitt þegar hann var að vinna að tilraun sem e.t.v. hefði svarað öllum spurningum um uppruna mannkynsins – og í raun um uppruna alheimsins. Þegar Meg og bróðir hennar, Charles, komast í kynni við þrjár verur utan úr geimnum, sem á jörðu niðri taka á sig myndir þriggja máttugra kvenna, hefst sannkölluð ævintýraferð þeirra og vinar þeirra Calvins um tíma og rúm og allar víddir alheimsins, allt til hinnar duldarfullu plánetu Camazotz þar sem þau eiga eftir að komast að því hvað varð um Alex ...

**Punktur .....**

★★★★ - *Screen* ★★★1/2 - *Washington Post* ★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★1/2 - *New York Times* ★★★★★ - *TheWrap* ★★★1/2 - *IGN* ★★★ - *The Wrap* ★★★ - *The Telegraph* ★★★ - *Empire*

• Leikstjóri myndarinnar er Ava DuVernay sem síðast sendi frá sér Óskarsverðlaunamyndina *Selma* og handritshöfundar eru þau Jennifer Lee sem skrifaði m.a. handritin að *Frozen*, *Wreck-It Ralph* og *Zootropolis*, og Jeff Stockwell sem skrifaði handrit ævintýramyndarinnar *Bridge to Terabithia* og hinnar góðu myndar *The Ottoman Lieutenant*.



Storm Reid og Levi Miller leika þau Meg Murry og vin hennar Calvin í ævintýramyndinni *A Wrinkle in Time*.



**Aðalhl.:** Storm Reid, Oprah Winfrey, Reese Witherspoon og Chris Pine **Leikstj.:** Greta Gerwig **Útgef.:** Síminn og Vodafone

**Ævintýri**

**30. ágúst**



## Ævintýrið um Ronju í nýjum búningi

**Þessi 26 þátta teiknimynda-sería, sem byggð er á hinni víðfrægu og ástsælu bók Astridar Lindgren, hefur verið sýnd á RÚV og er eftir japanska listamanninn Gorō Miyazaki, son Hayaos Miyazaki sem gerði m.a. *Spirited Away* og *Princess Mononoke*.**

Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur kom út árið 1981 og skipaði sér þegar í flokk með bestu bókum Astridar Lindgren, þ. á m. bókunum um Línu langsokk og Emil í Kattholti. Sagan er um hana Ronju sem elst upp í ræningjakastala á miðöldum í Svíþjóð. Hún verður fljótlega mjög forvitin um umhverfi sitt og lendir í ýmsum ævintýrum í skóglendinu umhverfis kastalann þar sem alls kyns kynjaverur hafast við. Þegar hún síðan kynnist jafnaldra sínum, strák sem reynist sonur svarinna andstæðinga foreldra hennar, breytist allt ...

Þessi útgáfa inniheldur þætti 9 til 12 sem hver fyrir sig er 25 mínútur að lengd. Þess má geta að þættirnir hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin 2016 í flokki teiknaðs barnaefnis.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um ævintýri Ronju ræningjadóttur **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**31. ágúst**



Eitthvað verður undan að láta

Á yfirborðinu virðist Johan Becker ekkert óvenjulegur og heldur ekki hús-gagnaverslun hans. En þegar nánar er að gáð er pottur hans víða brotinn.

Becker: Kungen av Tingsryd gerist eins og heitið bendir til í bænum Tingsryd í Svíþjóð þar sem rúmlega 3000 manns búa. Becker hefur um langt skeið verið áberandi í bæjarfélaginu og komið sér vel fyrir fjárhagslega með sölu á hús-gögnum. Á bak við tjöldin hefur hann þó drygt tekjurnar með sölu á ólöglegu áfengi og tóbaki auk þess að leigja út ólöglegt vinnuafli frá Afríku og svíkja það fólk um tekjurnar af vinnu sinni. Þess utan er hann auðvitað skattsvikari og hefur nýtt hluta af gróðanum til að halda stjórn mála- og eftirlitsfólki bæjarins góðu.

En það er komið að krossgötum hjá Becker. Það eru ekki allir sáttir við vinnubrögð hans og veldi auk þess sem innan herbúða hans sjálfs eru persónur sem hyggjast taka í taumana áður en hann gengur mikið lengra. Og hvað gerir Becker þá?



**Aðalhl.:** Henrik Lillier, Nour El-Refai, Hampus Björnsson og Jan Coster **Leikstjórn:** Martin Larsson **Útgefandi:** Myndform

Glæpadrama

31. ágúst



Henrik Lillier leikur Becker. Ekki láta útlit hans blekkja ykkur.

Stundum eru orð óþörf

Johnny Saxby er ungur maður sem lifir frekar fábreyttu lífi ásamt foreldrum sínum á sveitabæ í Yorkshire. Dag einn kemur nýr vinnumaður á bæinn, hinn rúmenski Gheorghe Ionescu, og á koma hans og viðvera eftir að breyta öllu.

God's Own Country er ein af þessum perlum sem enginn alvöru kvikmyndaunnandi ætti að láta fram hjá sér fara. Myndin er eftir Francis Lee sem byggir söguna á eigin reynslu og þykir bæði hún og kvikmyndagerðin öll með ólíkindum góð og áhrifamikil, ekki síst vegna þess að þetta er fyrsta bíómynd Francis ...

**Punktur** .....

- ★★★★★ - S.F. Chronicle ★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - Village Voice
- ★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★1/2 - N.Y. Times ★★★★★1/2 - H. Reporter
- ★★★★1/2 - Screen Internat. ★★★★★ - CineVue ★★★★★ - The Guardian
- ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Variety ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - Time Out

• Fyrir utan að fá frábæra dóma gagnrýnenda (myndin er með 8,5 í meðaleinkunn á Metacritic) hefur God's Own Country hlotið óteljandi verðlaun og viðurkenningar á kvikmyndahátíðum. Hún fékk t.d. fyrstu verðlaun fyrir leikstjórn á Sundance-hátíðinni, dómnefndarverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Berlín sem besta myndin, fimm verðlaun á óháðu bresku kvikmyndahátíðinni, þ. á m. sem besta myndin og fyrir besta handritið, Empire-verðlaunin sem besta myndin og fyrir bestu leikstjórn, bresku leikstjórnarverðlaunin sem besta fyrsta mynd leikstjóra og tilnefningu til BAFTA-verðlaunanna sem besta myndin. Og svo mætti lengi telja. Sjá nánar á Imdb.



Þeir Alec Secareanu og Josh O'Connor þykja frábærir í hlutverkum sínum sem Gheorghe og Johnny í God's Own Country.



**Aðalhlut.:** Josh O'Connor, Alec Secareanu, Gemma Jones og Ian Hart **Leikstjórn:** Francis Lee **Útgefandi:** Myndform

Drama

31. ágúst



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



**Game Night**

Game Night er mjög fyndin og dálítið svört kómédia í anda mynda eins og *Horrible Bosses*- og *Hangover*-myndanna. Þau Jason Bateman og Rachel McAdams leika hjónin Max og Annie sem kemur ekkert allt of við saman nema þegar þau sinna því sameiginlega áhugamáli að fara í einhvern leik ásamt vinum sínum!


**Gamanmynd** 12



**Coco**

*Coco* er nítjándna mynd Pixar-teiknimyndarísans í fullri lengd og er rómuð sem ein besta teiknimynd fyrirtækisins til þessa. Myndin hlaut bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins auk þess sem aðallag hennar, *Remember Me*, hlaut Óskarin sem besta kvikmyndalag ársins.

**Spenna/hasar** L



**Red Sparrow**

*Red Sparrow* er byggð á frábærri verðlauna- og metsölunljósnaðu fyrrverandi CIA-mannsins Jasons Matthews og segir frá ungrri konu sem er þröngvað til að gerast njónsari fyrir Rússa og býr yfir hæfileikum sem eiga eftir að koma sér vel þegar hætta stöðjar að. Jennifer Lawrence leikur þessa konu af snilli.

**Njónsmynd** 16



**Three Billboards Outside ...**

Sjö mánuðum eftir að dóttir Mildred Hayes var myrt brýtur hana þolinmæðina og grípur til sinna ráða til að fá lögreglustjórnann Bill Willoughby og menn hans í smábænum Ebbing í Missouri til að rannsaka málið og finna morðingjann. Tekst það eða býr eitthvað gruggugt að baki afskiptaleysinu?

**Spenna/vestri** 16



**Black Panther**

*Black Panther* er ein vinsælasta mynd ársins hingað til en hún er 18. myndin úr hinum sameinaða ofurhetjuheimi Marvel-fyrirtækisins. Um leið er þetta fyrsta bíómyndin um konung Wakanda, T'Challa, öðru nafni Svarta pardusinn, en hann býr yfir miklum hæfileikum og verður áberandi í næstu Marvel-myndum.

**Ofurhetjur** 12



**You Were Never Really Here**

Þegar fyrrverandi sersveitar- og FBI-manninum Joe er falið að hafa upp á ungru stúlku sem seld hefur verði mansalí á vændishús í New York kemst hann brátt að því að björgun hennar gæti kostað hann allt, jafnvel lífið. En hér er sannarlega ekki allt sem sýnist! Joaquin Phoenix fer á kostum í aðalhlutverki.

**Sálfræðitryllir** 16



**The Death of Stalin**

Einn alræmdasti harðstjóri sögunnar, Jósef Stalin, lést 5. mars árið 1953 eftir að hafa fengið heilablóðfall fjórum dögum fyrr. Þar sem hann hafði ekki skilið eftir nein fyrirmæli um aftaka sinn hófst þá þegar alveg makalaust valdatafl hæst settu mannanna í stjórn hans í Kremli sem hér er gert stólpagrín að.

**Gamanmynd/farsi** 16



**Maze Runner: The Death Cure**

Í þessari þriðju og síðustu mynd í *The Maze Runner*-þrileiknum koma öll löngvasvör gátunnar fram auk þess sem örlog aðalpersónanna ráðast, en þau hafa komið aðdæmdum fyrri myndanna verulega á óvart. Tekst Thomasi og vinum hans að snúa vörn í sókn og frelsa félagana sína úr ánaðuðinni, eða ...

**Ævintýri/spenna** 12



**A Quiet Place**

*A Quiet Place* gerist í náinni framtíð þegar einhvers konar óvættir hafa náð jörðinni á sitt vald og útrýmt meirihluta mannkyns. Þeir sem eftir lífa eru í bráðri lífs-hættu og þurfa að gæta þess að gefa ekki frá sér neim hljóð því ef þau gera það þá ráðast skrímslin á þau. En hvernig er hægt að lifa án þess að gefa frá sér hljóð?

**Tryllir** 16



**Fifty Shades Freed**

Eftir að hafa beðið Anastasiu í síðustu mynd ganga þau Christian nú í hjónaband og halda í brúkaupferð til Suður-Evrópu þar sem þau njóta alls þess besta sem peningar geta keypt. En þegar þau snúa aftur heim til Seattle bankar fortíðin upp á og þau standa bæði frammi fyrir alvarlegum vanda sem verður að leysa.

**Rómantik** 16



**Ferdinand**

Teiknimyndin um stóra, sterka en góðhjartaða nautið Ferdinand er frá þeim sömu og geruð *Isaldar*- og *Rio*-myndirnar og hefst þegar Ferdinand er bara lítill kálfur. Þegar örlogin haga því svo að Ferdinand er fyrir misskilning sendur til Madridar til að þjást þarf hann að finna leiðina heim áður en það er of seint.

**Teiknimynd** L



**Death Wish**

Eftir að grímuklæddir innbrotspjófvar mýrða eiginkonu læknisins Pauls Kersey (Bruce Willis) og stórsíslas dóttur hans, og lögreglan stólst ekkert geta gert vegna skorts á sönnunum, ákveður Paul að taka málin í eigin hendur, finna morðingjanna og refsa þeim með miskunnarlausum dauðadómi og aftöku.

**Spennumynd** 16



**The Shape of Water**

Nýjasta mynd leikstjórans Guilleramos del Toro er hugmyndaríkt ævintýri sem allt eins mætti flokka sem rómantíska ástar-sögu, spennumynd og fantasíu. Það er a.m.k. allveg ljóst að *The Shape of Water* er ein besta mynd ársins 2017 enda fékk hún m.a. þrettán tilnefningar til Óskars-verðlauna og hlaut þar af fern þeirra.

**Ævintýri** 16



**Paddington 2**

Önnur bíómyndin um góðhjartaða, ljúfa en dálítið óheppna gangsansn Paddington er snilldarverks eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hér lendir hann í mikilli klemmu þegar óþrúttinn þjófur stelar fagætri bók sem hann ætlaði að kaupa handa frænku sinni í afmælisgjöf.

**Fjölskyldumynd** L



**Jumanji: Welcome to the ...**

Þegar þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha eru látin sitja eftir í skólanum rekast þau á gamla leikjafólvi í kjallaranum og leik sem þau hafa aldrei heyrt minnst á áður, *Jumanji*. Þau ákveða að prófa að spila – og sogast bókstaflega inn í leikinn. Stórskemmtilegt ævintýri og grín fyrir alla með frábærum leikurum.

**Ævintýri** 12



**Darkest Hour**

Þessi mynd Joes Wright gerist öll í maí 1940 og lýsir aðdraganda þess að Churchill var skipaður forsætisráðherra, svo og fyrstu dögum hans í embætti, en óhætt er að segja að hann hafi tekið við erfiðu búi. Myndin er margverðlaunuð og leikur Garys Oldman í aðalhlutverkinu verður að teljast alveg einstakur.

**Sannsgöleg** 9



**The Phantom Thread**

*Phantom Thread* er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Pauls Thomas Anderson og þykir meistara-verk, óaðfínanlega sviðsett og leikin og segir sögu sem áhorfendur gleyma seint. Þetta er tvímælalaust ein besta mynd ársins 2017, mynd sem enginn kvikmyndaunnandi ætti að missa af.

**Drama** 12



**Gringo**

*Gringo* er stórskemmtileg svört kómédia, farsí og satíra þar sem óvættar fléttur koma stöðugt á óvart og enginn getur séð fyrir hvernig endar. Hér má hlæja datt að oförum annarra! David Oyelowo, Charlize Theron, Joel Edgerton, Sharlto Copley, Thandie Newton og Amanda Seyfried í aðalhlutverkum.

**Gamanmynd** 16



**My Friend Dahmer**

Hörkugóð, sannsgöleg mynd um unglingsár fjöladamoringjans Jeffreys Dahmer, en myndin er gerð eftir samnefndri bók Johns Backderf sem var einn fárra sem vingubúst við Jeffrey í framhaldsskóla og kynntist honum, en það var bara rétt áður en Dahmer framdi sitt fyrsta morð, átján ára gamall.

**Sannsgöleg** 16



**The Florida Project**

Verðlaunamyndin *The Florida Project* gerist á einu sumri í og við leigjubúðabökk í námunda við Disney-garðinn í Orlando í Flórída og segir frá hinni sex ára gömlu Moonee, kostulegum upp-tækjum hennar og samskiptum við vini, móður og aðra íbúa, og ekki síst við húsvörðinn og rekstrarstjórnann Bobby.

**Drama** 12



**The Mercy**

Sönn saga Donalds Crowhurst sem freistaði þess árið 1968 að verða fyrstur til að sigla í kringum hnöttinn einn síns lífs og án viðkomu í öðrum löndum. Hnattsiglingin vakti heimsathygli á sínum tíma, ekki bara vegna mettíla-raunarinnar heldur vegna þess að ferð hans snerist upp í mikla og magnaða ráðgátu.

**Sannsgöleg** 6



OLZA  
**PRINCE POLO**  
od 1955 roku

# SUMARFJÖR



Í nestispásunni



Í vinnunni



Í sveitasælunni

**Viltu vinna  
500.000 kr?**

Taktu þátt á [PRINCEPOLO.IS](http://PRINCEPOLO.IS)

**1.** Fáðu þér Prince Polo á næsta sölustað

**2.** Skemmtu þér með Prince Polo í sumar og taktu mynd af fjörinu

**3.** Sendu myndina þína inn á [PRINCEPOLO.is](http://PRINCEPOLO.is) og segðu við hvaða tilefni myndin var tekin

Aðalvinningshafi  
verður valinn 24. ágúst






## Madden NFL 19

Enn heldur *Madden*-sería EA Sports að vaxa og þetta árið er það Antonio Brown sem spilar með Pittsburgh Steelers sem prýðir kápu leiksins. Meðal nýjunga er svokallað „real player motions“ en með því er reynt að endurskapa atburði á vellinum þannig að þeir endurspegli það sem gerist í raunveruleikanum. Þetta á við um hreyfingar leikmanna, hvernig þeir bregðast við og hvað þeir geta gert. Einnig eru fögnin komin inn aftur og geta spilarar nú tekið alls kyns mismunandi fögn þegar snertimörkin eru skoruð.



**Tegund:** Ameríski fótboltinn  
**Kemur út á:** PS4, Xbox One  
**PEGI aldurstakmark:** 7+  
**Útgáfudagur:** 10. ágúst  
**Framleiðandi:** EA Sports  
**Útgefandi:** Sena



## Pro Evolution Soccer 2019

Þá er komið að nítjándu útgáfu PES-leikjanna eða PES 2019.

Að þessu sinni prýðir Philippe Coutinho kápu leiksins, en Konami hefur aukið fjölda leyfa í leiknum sem núna inniheldur því meira af völlum, deildum og leikmönnum.



**Tegund:** Fótboltaleikur  
**Kemur út á:** PC, PS3, PS4 og Xbox One  
**PEGI aldurstakmark:** 3+  
**Útgáfudagur:** 30. ágúst  
**Framleiðandi:** Konami  
**Útgefandi:** Sena







Það var mikið um dýrðir í París 20. júlí þegar Tom Cruise mætti á rauða dregilinn við Eiffel-turninn, en turninn leikur einmitt stórt aukahlutverk í nýju MI-myndinni, *Fallout*.



Á sama tíma var Orlando Bloom hins vegar í Vancouver í Kanada að taka upp atriði í tímaferðalagsmyndinni *Needle in a Timestack* sem leikstjórinn John Ridley er að gera.



Taylor Swift var á meðan í New York þar sem hún býr og er óhrædd við að spóka sig á meðal annarra gangandi vegfaraenda þótt lífverðirnir séu eflaust ekki langt undan.



Þótt James Franco sé upp fyrir haus að vanda í fjölmörgum kvikmyndaverkefnum varð hann að gefa sér tíma til að skreppa í búðir í N.Y. 18. júlí með unnustunni Izabel Pakzad.



Þau Jennifer Lopez og kærasti hennar, Alex Rodriguez, gerðu sér ferð til New York á dögnum og það fer vart á milli mála að Alex hefur séð eitthvað mjög fyndið við komuna.



Þær Cher og Meryl Streep heilsuðust með kossi á forsjöngu myndarinnar *Mamma Mia: Here We Go Again* í Los Angeles á dögnum, en þetta er í annað sinn sem þær leika saman í mynd.